

144. fundargerð

skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms

17. janúar 2012

144. fundur skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms var haldinn 17. Janúar 2012 kl. 17 á skrifstofu skólastjóra.

Dagskrá

1. Skýrsla skólastjóra
2. Fjárhagsáætlun 2012 og jöfnunarsjóður fyrir næsta skólaár
3. Önnur mál

Mætt voru: Jóhanna Guðmundsdóttir, Sigurborg Sturludóttir, Jósep Ó. Blöndal og Unnur Sigmarsdóttir sem skrifaði fundargerð.

1. Skýrsla skólastjóra

Jóhanna fór yfir breytingar á nemendafjölda um áramótin. 16 nemendur hættu eða breyttu námskipulagi sínu en búið er að ráðstafa nánast öllum tímunum sem losnuðu. Jóhanna rifjaði upp verkefni í jólamánuðinum þar sem m.a. var haldið Jólatónföndur sem tókst vel. Stefnt er að endurtaka það að ári. Verið er að undirbúa þátttöku í svæðistónleikum Nótunnar sem haldnir verða á Akranesi þann 10. mars og lokatónleikar Nótunnar verða í Eldborg 18. mars. Farið er að undirbúa áfangapróf. Stefnt er a.m.k. þrem grunnprófum, einu miðprófi og tveimur framhaldsprófum.

2. Fjárhagsáætlun 2012 og Jöfnunarsjóður fyrir næsta skólaár

Útlit er fyrir að jöfnunarsjóður lækki og reiknað er með 5% hækkun skólagjalda og lækkun launakostnaðar.

3. Önnur mál

Lúðrasveitin tók yfir rekstur hljóðkerfisins. Lúðrasveitin fær heimsókn frá Akranesi og er einnig að undirbúa æfingabúðir á Akranesi með stóru lúðrasveitinni og svo með þeirri litlu hér í Stykkishólmi. Litla Lúðró stefnir að því að fara á landsmót SÍSL á Akureyri í lok apríl. Tónlistarskólinn hefur forgöngu að stofnun sönghóp barna sem tekur þátt í orgelvígslunni næstkomandi sunnudag, 22. janúar.

Fundi slitið kl. 18:10

Jóhanna Guðmundsdóttir (sign)

Jósep Ó. Blöndal (sign)

Sigurborg Sturludóttir (sign)

Unnur Sigmarsdóttir (sign)